


Orkuveita Reykjavíkur
Sigurgeir Björn Geirsson,
Deildarstjóri hönnunar nýrra virkjana
Bæjarhálsi 1
110 Reykjavík



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 5. febrúar 2009

Tilvísun: UST20090100162/bs

Nýting jarðhita við Gráuhnúka fyrir Hellisheiðarvirkjun. Drög að tillögu að matsáætlun. Umsögn

Vísað er til bréfs Orkuveitu Reykjavíkur dags. 22. janúar sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um ofangreint erindi.

Vegir: Umhverfisstofnun leggur áherslu á að vegir að borteigum verði lagðir eins og kostur er um svæði sem þegar hefur verið raskað.

Borteigar: Umhverfisstofnun telur mjög jákvætt að skoðaðir séu fleiri valkostir varðandi gerð borteiga eins og gert var á Skarðsmýrarfjalli.


Loftgæði: Gera ætti grein fyrir því brennisteinsvetni sem losnar þegar borholur eru láttnar blása.


Jarðmyndanir: Lagt verði mat á verndargildi í stærra samhengi en ráðgert er í drögum að tillögu. Gerð verði grein fyrir hvaða forsendur verða lagðar til grundvallar við mat á verndargildi jarðmyndana.

Áhrif mannvirkjagerðar á landslag og jarðmyndanir: Umhverfisstofnun telur æskilegt að hér væri um gagnkvæm áhrif að ræða þannig að landslag og jarðmyndanir hefðu áhrif á staðsetningu og mannvirkjagerð.

Aflagður kafli Suðurlandsvegjar: Reyna ætti eftir föngum að nýta efni úr veginum og vegsvæði hans eins og kostur er við fyrirhugaða framkvæmd. Unnt ætti að vera að bæta ásýnd svæðisins ef aflagður hluti vegarins væri fjarlægður eða aðlagður betur að landi. Að öðru leyti gerir Umhverfisstofnun ekki athugasemdir við drög að tillögu að matsáætlun.

Virðingarfyllst


Björn Stefánsson


Ólafur A. Jónsson
Deildarstjóri